

Samantekt vegna skerðingar sóknargjalda 2009 - 2023.

I. Forsaga málsins.

Um innheimtu og skil sóknargjalda er mælt fyrir um í lögum um sóknargjöld o.fl. nr. 91/1987. Ríkissjóður skal, skv. 2. gr. laganna „*skila 15. hvers mánaðar, af óskiptum tekjuskatti, fjárhæð er rennur til þjóðkirkjusafnaða...*“ Síðan eru ákvæði um fjárhæð sóknargjalds og árlega uppfærslu hennar. Þjóðkirkjan telur að löginn mæli fyrir um innheimtuþjónustu ríkisins fyrir þjóðkirkjuna og önnur skráð trú- og lífsskoðunarfélög, en að ekki sé um að ræða einhliða ákvörðun í fjárlögum um árlega fjárhæð gjaldsins eins og framkvæmdin hefur verið sl. 14 ár.

Niðurskurður sóknargjalda hófst árið 2009. Síðan þá hefur hann verið viðvarandi.

Skerðingin hefur almennt aukist ár frá ári. Einungis liðlega helmingi sóknargjalda verður skilað til safnaðanna á næsta ári m.v. fyrirliggjandi fjárlagafrumvarp, eða um 52% af því sem ætti að vera. Sjá línurit í meðfylgjandi skjölum.

Þær afleiðingar sem þessi niðurskurður hafði á starf sókna og eignausýslu leiddi til þess að strax árið 2011 var farið var í vinnu við að greina vandann og leggja fram tillögur til úrbóta. Skilað var áfangaskýrslu haustið 2011 og lokaskýrslu vorið 2012. Þá skipaði þáverandi innanríkisráðherra starfshóp í lok árs 2013 til „að leggja drög að endurskoðun á fyrirkomulagi á fjárhagslegum samskiptum ríkisins og þjóðkirkjunnar og safnaða hennar hvað sóknargjöld varðar, sbr. lög nr. 91/1987.“ Starfshópur þessi „um fjárhagsleg málefni þjóðkirkjunnar og safnaða hennar – greinargerð og tillögur“ skilaði ráðherra niðurstöðu sinni vorið 2014, auk þar til greindra fylgiskjala. Síðan þá hafa liðið rúmlega átta ár án þess að skerðingar hafi fengist leiðréttar.

II. Tölulegar upplýsingar.

Í fjárlagafrumvarpi 2023 er lögð til u.þ.b. 5% lækkun sóknargjaldsins í u.þ.b. 10% verðbólgu og að krónutalan verði þar með nokkru lægri en var árið 2021.

Samkvæmt tilvitnuðum lögum ætti gjaldið að vera u.þ.b. 2.010 kr. á næsta ári eða u.þ.b. 47,7% hærra en nú er lagt til. Það vantar m.ö.o. u.þ.b. 960 kr. á mánuði.

Skv. fjárhagsforsendum fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2023 ætti heildarframlag til sóknargjalda að vera kr. 3.275.100.000 miðað við óbreyttar forsendur frá fyrra ári.

Skv. þessu ætti uppfærð tala sóknargjaldsins pr. gjaldanda á næsta ári því að verða u.þ.b. 1.175 kr. á mánuði.

Frá þessu framlagi er hins vegar dregin aðhaldskrafa upp á 42 milljónir kr. eða u.þ.b. 15 kr. pr. gjaldanda á mánuði.

Einnig er dregin frá svokölluð "tímabundin" hækkun frá því í fyrra upp á 272,4 milljónir kr. eða u.þ.b. 100 kr. á mánuði pr. gjaldanda.

Eftir þennan niðurskurð er heildar framlagið í frumvarpinu því kr. 2.960.700.000 og er sóknargjaldið þá komið í u.þ.b. 1.060 kr. pr. gjaldanda á mánuði.

Til samanburðar þá var sóknargjaldið 975 kr. pr. gjaldanda á mánuði árið 2020, 1080 kr. árið 2021 og 1107 kr. árið 2022.

Í meðfylgjandi skjölum eru tvær töflur með línuritum um þróun sóknargjaldsins frá árinu 2008 miðað við að mánaðarlegt gjald verði pr. gjaldanda á næsta ári annars vegar 1060 kr. og hins vegar 1052 kr.

III. Fjárhagsleg staða safnaðanna í dag.

Ekki hefur verið ráðrúm til að taka saman lykiltölur úr rekstri sókna undanfarin ár. Hvað varðar spurninguna um hve margar kirkjur ná ekki endum saman þá er það mat formanns úthlutunarnefndar Jöfnunarsjóðs sókna sr. Gísla Jónassonar, fyrrv. prófests og formanns fjárhagsnefndar kirkjuþings á kjörtímabilinu 2018 – 2022, byggt á umsóknum í Jöfnunarsjóðinn, að það séu a.m.k. 30 söfnuðir sem geta talist vera ógjaldfærir sakir skertra sóknargjalda og mætti þá segja að þeir væru tæknilega gjaldþrota. Tilfinningin er sú að miklu fleiri söfnuðir séu í fjárhagsvanda en að einhverju leyti sé vandanum ýtt á undan með því að draga úr þjónustu og starfi og fresta viðhaldi fasteigna. Jöfnunarsjóður hefur í ákveðnum tilvikum haldið safnaðarstarfi á lífi með árlegum styrkjum en það er ekki hlutverk sjóðsins til lengri tíma litið.

Það segir sig sjálft að enginn rekstur getur þolað tekjufall á bilinu 40 – 50% árum saman án þess að það hafi alvarleg áhrif. Því til viðbótar hefur verðbólga undanfarna mánuði og miklar vaxtahækkningar gert stöðuna enn verri.

Kirkjustjórnin hefur ekki heildstætt yfirlit yfir ástand fasteigna safnaðanna, kirkjubyggingar og safnaðarheimili.

Þjóðkirkjan mun skila umsögn til fjárlaganefndar um fjárlagafrumvarp 2023 vegna áforma um skerðingu sóknargjalda á næsta ári.

Fylgiskjöl

Skerðing sóknargjalda 2008 – 2023 tvö yfirlit frá sr. Gísla Jónassyni.

Skýrsla starfshóps frá árinu 2014 um fjárhagsleg málefni þjóðkirkjunnar og safnaða hennar – greinargerð og tillögur.

Guðmundur Þór Guðmundsson
Lögfræðingur kirkjuþings